

## Kári er þjarkur duglegur

Höfundur hefur í rúm þrjátíu ár baslað við iðorðavinnu og átti um langt árabíl samleið með Íslenskri málstöð. Orðanefndin mín hélt lengi vel fundi í Málstöðinni og Íslensk málnefnd gaf út orðasöfnin. Eftir að afmælisbarnið, Kári, kom að Málstöðinni var samvinnan því oft nán. Kári sá um dreifingu á orðasöfnunum og sá til þess að vinnuaðstaða í Málstöðinni væri eins og best var á kosið. Eins og allir vita er Kári þjarkur duglegur og þess vegna langar mig til þess að rita um orðið *þjarki* sem er dregið af orðinu *þjarkur*.

Orðið *þjarki* kom fyrst fyrir á prenti í 3. útgáfu *Tölvuorðasafns* sem þýðing á erlenda heitinu *robot*. Fyrirmyndin að alþjóðlega orðinu *robot* er tékkneska orðið *robota* sem merkir ‚skylduvinna‘. Orðið kom fyrst fyrir í leikriti eftir tékkneska rithöfundinn Karel Čapek sem gefið var út árið 1920.<sup>1</sup> Leikritið hefst í verksmiðju þar sem búið er til gervifólk sem er kallað *roboti*. Menn geta haldið að þessar verur séu raunverulega mennskar. Þær geta hugsað en virðast samt ánægðar með að veita þjónustu. Leikritið snýst um það hvort þessar verur eru misnotaðar og hvaða afleiðingar það gæti haft.

Karel Čapek bjó orðið samt ekki til sjálfur. Í grein í tékkneska tímaritinu *Lidové noviny* árið 1933 segir hann frá því að hann hafi upphaflega viljað kalla verurnar *laboři*, dregið af latneska orðinu *labor*, ‚vinna‘. Honum líkaði ekki orðið og leitaði ráða hjá bróður sínum Josef Čapek sem var rithöfundur og málari. Jósef lagði til orðið *roboti*. Upprunalega var *robota* tímabil, oft 6 mánuðir á ári, þegar ánaudugur bóndi þurfti að vinna herra sínum. Í tékknesku og mörgum slavneskum málum merkir *robota* því ‚skylduvinna‘ og í óeiginlegri merkingu ‚strit‘ eða ‚erfiðisvinna‘. Þó að bændánaud hafi verið aflögð í Bæheimi 1848 hefur notkun orðsins *robota* verið algeng um alls konar vinnu en vitneskjan um bændánaudina hefur enn þá verið til staðar um 1920.

En nú er orðið *robot* notað um vél sem þarf ekki endilega að líkjast manni í útliti, þó að það sé hugsanlegt.<sup>2</sup> Vélin er venjulega forritanleg og er hönnuð til þess að vinna á sjálfvirkan hátt ýmis verk sem fólgin eru í því að handleika hluti og flytja þá til.<sup>3</sup> Þessar vélar geta líka yfirleitt skynjað ýmsa umhverfisþætti eins og hita og rakastig og stjórnað þeim.

Algengasta þýðing á orðinu *robot* er *vélmenni*. Ekki er gott að segja hvenær orðið *vélmenni* birtist fyrst á prenti, hvort það var sem þýðing á orðinu *robot*

<sup>1</sup> <http://en.wikipedia.org/wiki/Robot>, sótt 07.02.2010.

<sup>2</sup> Stefán Briem. Frá Orðanefnd, pistill í *Tölvumálum*, 2. tbl. 22. árg., apríl 1997.

<sup>3</sup> *Tölvuorðasafn*, 3. útgáfa.

eða var notað almennt um fólk sem hagar sér vélrænt. Í *Ritmálsskrá* finnast 15 dæmi um orðið *vélmenni*, það elsta úr *Alfræði AB* 1–21. Þetta voru þýdd fræðslurit fyrir almenning, gefin út á árunum 1965–1968. Líklegt er að þarna sé verið að fjalla um það fyrirbæri sem á erlendum málum kallast *robot*. Ritmálsskráin gefur eitt dæmi um *Vélmenni* (ritað með upphafsstaf) og er það úr *Sögu mannsandans I–IV* eftir Ágúst H. Bjarnason (1875–1952). Þær bækur voru fyrst gefnar út á árunum 1905–1915 en endurútgefnar á árunum 1948–1954. Þar þýðir höfundur titil bókarinnar *L'homme Machine* eftir franska heimspekinginn Julien Offray de La Mettrie sem *Vélmennið*. Sú bók kom fyrst út árið 1748. Þýðing Ágúst H. Bjarna-sonar á titli þessarar bókar er því líklega eldri en alþjóðlega orðið *robot*.

Orðið *vélmenni* kemur fyrir í ýmsum textum í *Íslensku textasafni* og eru þeir flestir frá þessari öld. Orðið kemur fyrir í tveimur textum frá árinu 1986 í Textasafninu, þýðingu á bókinni *Tíundi maðurinn* eftir Graham Greene (þýð. Árni Óskarsson) og í bókinni *Átján sögur úr álfheimum* eftir Indriða G. Þorsteinsson.

Orðið *vélmenni* finnst ekki í *Íslenskri orðabók* fyrir en í þriðju útgáfu frá árinu 2002. Þar er skýringin ‚róbot, þjarki, (í framtíðarsögum o.þ.h.) vél í mannlíki‘.

Þegar unnið var að undirbúningi 2. útgáfu *Tölvuorðasafnsins* fannst orðanefndinni að orðið *vélmenni* væri ekki heppilegt sem þýðing á orðinu *robot* þar sem það vísaði til þess að vélin liti út eins og maður. Þess vegna var lagt til að notað yrði orðið *vélfæri*, sbr. *verkfæri* og *veiðarfæri*. Það orð hlaut ekki útbreiðslu. Orðið fannst í einni heimild á veraldarvefnum og kemur þar fyrir í þýðingu á texta eftir Philip nokkurn K. Dick og kallast textinn á íslensku *Gjöf handa Pálínu*<sup>4</sup> og er einhvers konar framtíðarsaga eða vísindaskáldsaga. Orðið *vélfæri* kemur þar einnig fyrir í samsetningum, t.d. er talað um *vélfæralögreglu*.

Þegar komið var að undirbúningi að 3. útgáfu *Tölvuorðasafnsins* var því gerð önnur tilraun til þess að finna heppilegt heiti. Stefán Briem, sem ritstýrði þriðju útgáfunni, gróf þá upp vitneskju um tékkneska orðið *robota*. Segja má að orðið *þjarki* (kk.) hafi orðið til fyrir áhrif frá tékkneska orðinu og er dregið af íslenska orðinu *þjarkur* sem eins og áður segir er haft um duglegan einstakling.

Með því að nota orðið *þjarki* um *robot* varð mun einfaldara að mynda ýmsar samsetningar þar sem orðið *þjarki* kemur fyrir. Í 4. útgáfu *Tölvuorðasafnsins* má finna þessar samsetningar þar sem *þjarki* er seinni liður samsetningar: *nanóþjarki*, *dvergþjarki* (*nanorobot*); *handlaginn iðnaðarþjarki* (*manipulating industrial robot*); *maurþjarki* (*insect robot*); *ryksugþjarki*, *þjarkaryksuga* (*robotic vacuum cleaner, robotic vacuum*); *samvinnuþjarki* (*collaborative robot*); *sjálfstýrður þjarki* (*autonomous robot*); *örþjarki* (*microrobot*). Einnig eru þar

---

<sup>4</sup> <http://www.simnet.is/agnarius/gjf.htm>, sótt 07.02.2010

orð þar sem *þjarki* er fyrri liður samsetningar: *þjarkafjartækni* (telerobotics); *þjarkafræði* (robotics); *þjarkakerfi* (robot system, robotic system); *þjarkasjón* (robot vision).

Orðið *þjarki* komst inn í 3. útgáfu *Íslenskrar orðabókar*. Það er sagt vera nýyrði og skýrt með orðinu *róbot*. Undir orðinu *vélmenni* kemur það fyrir sem samheiti. Orðið hefur einnig ratað inn í *Stafsetningarorðabókina* frá 2006. Orðið finnst ekki í *Íslensku textasafni* og ekki heldur í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls*. Leit á veraldarvefnum að orðinu *þjarki* skilar ekki miklum árangri, sennilega vegna þess að það fellur saman við þágufall orðsins *þjark*. Orðið hefur verið notað í greinum á *Vísindavefnum* og það hefur heyrst í útvarpi og sjónvarpi, sérstaklega í þættinum *Nýjasta tækni og vísindi*. Einnig má finna orðið í gagnasafni Morgunblaðsins<sup>5</sup>.

Sennilega eru samt enn þá algengustu þýðingarnar á orðinu *robot vélmenni* og *róbot*. Orðið *róbot* er mjög gallað þar sem það er illa aðlagð tökuorð. Um líkt leyti og Orðanefnd Skýrslutæknifélagsins lagði til orðið *þjarki* lagði Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga til aðlögunina *róbóti* sem beygist eins og *ábóti* en sú mynd hefur ekki komist inn í orðabækur.

Til eru fyrirbæri sem á erlendum málum kallast *androids* og eru eins konar gervimenn sem eiga að líta út og starfa eins og mennskar verur. Þessi fyrirbæri hafa aðallega komið fyrir í vísindaskáldskap. Orðið *android* er dregið af gríska orðinu fyrir ‚maður‘ og viðskeytinu *-eides* sem merkir ‚af tiltekinni tegund‘. Orðið *vélmenni* er því ágætt íslenskt heiti fyrir slík fyrirbæri.

Einnig eru til eins konar sýndarþjarkar, þ.e. forrit sem vinna tiltekið verk eða líkja eftir mannlegu atferli. Slíkur þjarki er venjulega kallaður á ensku *bot*. Í 4. útgáfu *Tölvuorðasafns* var lögð til þýðingin *yrki* (kk.), sbr. *einyrki*, *fjölyrki*, *öryrki*. Í 3. útgáfu *Íslenskrar orðabókar* er viðliðurinn *-yrki* sagður notaður um tæki eða mann og störf hans. Nefndinni fannst upplagt að gefa þessum viðlið sjálfstæða merkingu. Dæmi um yrki eru *fróðyrki* (*infobot*), *kaupyрки* (*shopbot*), *spjallyrki* (*chatbot*, *chatterbot*), *stöðvunaryrki* (*cancelbot*) og *þekkingaryrki* (*knowbot*, *knowledge robot*, *robotic librarian*). Í þessari upptalningu koma fram orð eins og *fróð* sem gaman væri að fjalla um líka en nú er mál að linni.

## Heimildir

*Beygingarlýsing íslensks nútímamáls*. Ritstj. Kristín Bjarnadóttir. [http://bin.arnastofnun.is/Íslensk\\_órðabók](http://bin.arnastofnun.is/Íslensk_órðabók). 2002. Þriðja útgáfa aukin og endurbætt. Ritstj. Mörður Árnason. Edda.

Reykjavík.

*Stafsetningarorðabókin*. 2006. Ritstj. Dóra Hafsteinsdóttir. Íslensk málnefnd, JPV útgáfa.

Reykjavík.

---

<sup>5</sup> [www.mbl.is](http://www.mbl.is)

- Stefán Briem. 1997. Frá orðanefnd. Pistill í tímaritinu *Tölvumál*, 2. tbl. 22. árg., apríl 1997. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. *Ritmálsafn*.  
[http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun\\_gagnasafn\\_ritmal](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_gagnasafn_ritmal)
- Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. *Textasafn*.  
[http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun\\_gagnasafn\\_textasafn](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_gagnasafn_textasafn)
- Tölvuorðasafn*. 1986. Íslenskt-enskt, enskt íslenskt, 2. útgáfa, aukin og endurbætt. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Ritstjóri: Sigrún Helgadóttir. Íslensk málnefnd. Reykjavík.
- Tölvuorðasafn*. 1998. Íslenskt-enskt, enskt-íslenskt, 3. útgáfa aukin og endurbætt. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Ritstjóri: Stefán Briem. Íslensk málnefnd. Reykjavík.
- Tölvuorðasafn*. 2005. Íslenskt-enskt, enskt-íslenskt, 4. útgáfa aukin og endurbætt. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Ritstjóri: Stefán Briem. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.